



# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN SKÚTUSTAÐAHREPPS

við heimsfaraldri

1. útgáfa - 9. mars 2020



# Viðbragðsáætlun Skútustaðahrepps við heimsútbreiðslu

## 1. Inngangur

Þetta skjal á að þjóna þeim tilgangi að vera stjórnendum Skútustaðahrepps til stuðnings um það hvernig takast eigi á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi og/eða eignum. Viðbragðsáætlun þessari er ætlað að segja fyrir um viðbrögð innan sveitarfélagsins í kjölfar heimsútbreiðslu kórónaveiru og influensu.

Áætlunin miðast við að starfsemi Skútustaðahrepps verði skert og að hluti starfsfólks verði rúmfastur vegna veikinda eða í sóttkví í ákveðinn tíma. Markmið áætlunarinnar eru að stuðla að öryggi starfsmanna og órofum rekstri sveitarfélagsins í kórónaveiru/influensufaraldri.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Notast var við fyrirmynd af viðbragsáætlun Byggðastofnunar. Einnig er stuðst við sniðmát að viðbragðsáætlun fyrir stjórnarráðið sem gert var í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti sóttvarnalæknis. Ekki er um endanleg fyrirmæli að ræða og getur sveitarstjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum sveitarstjóra og skal hún endurskoðuð reglulega, en yfirfarin árlega. Ef miklar breytingar verða á starfsemi sveitarfélagsins skal áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Á vef embættis landlæknis má finna leiðbeiningar til starfsmanna um einkenni kórónaveiru og influensu og leiðir til að draga úr hættu á smiti.

Áætlunin skal kynnt fyrir starfsmönnum og er vistuð á heimasíðu sveitarfélagsins sem og í skjalavistunarkerfi þess. Áætlun þessi tekur þegar gildi.



## 2. Virkjun viðbragsáætlunar og viðbragðsteymi

Ákvörðun Ríkislögreglustjóra um almannavarnastig vegna heimsfaraldurs gildir um virkjun þessarar áætlunar. Sveitarstjóri að höfðu samráði við viðbragðsteymi ber ábyrgð á að tilkynna starfsfólki sveitarfélagsins um að virkja viðbragðsáætlunina.

Í viðbragðsteymi sveitarfélagsins eru sveitarstjóri, forstöðumaður áhaldahúss og skrifstofustjóri.

Viðbragðsteymið gætir þess að sveitarfélagið búi yfir nýjustu upplýsingum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknisembættinu um stig faraldursins. Annast eftirfylgni við leiðbeiningar til starfsmanna varðandi fyrirkomulag á vinnustað auk sóttthreinsibúnaðar og umgengisreglna. Forstöðumenn sjá um samskipti við starfsfólk hvert í sinni stofnun vegna veikinda og fjarveru og ber þeim að upplýsa starfsfólk um veikindi.

Sveitarstjóri skal upplýsa starfsfólk um leið og ljóst er að ekki þarf allar þær bjargir sem virkjaðar eru samkvæmt áætluninni.

Lykilstarfsmenn og staðgenglar	
<b>Sveitarstjóri</b> Þorsteinn Gunnarsson	<b>Staðgengill</b> Margrét Halla Lúðvíksdóttir
<b>Skrifstofustjóri</b> Margrét Halla Lúðvíksdóttir	<b>Staðgengill</b> Alma Dröfn Benediktsdóttir
<b>Skrifstofufulltrúi</b> Alma Dröfn Benediktsdóttir	<b>Staðgengill</b> Margrét Halla Lúðvíksdóttir
<b>Skipulagsfulltrúi</b> Guðjón Vésteinsson	<b>Staðgengill</b> Lárus Björnsson
<b>Forstöðumaður áhaldahúss</b> Lárus Björnsson	<b>Staðgengill</b> Jónas Pétur Pétursson
<b>Skólastjóri grunnskóla</b> Sólveig Jónsdóttir	<b>Staðgengill</b> Sigríður G. Sigmundsdóttir
<b>Leikskólastjóri</b> Ingibjörg Helga Jónsdóttir	<b>Staðgengill</b> Eydís Elva Eymundsdóttir
<b>Forstöðumaður íþróttahúss</b> Ásta Price	<b>Staðgengill</b> Inga Freyja Þórarinsdóttir



### 3. Áhættumat

Sóttvarnalæknir hefur gert bráðabirgðamat á afleiðingum yfirvofandi heimsfaraldurs þar sem tillit er tekið til afleiðinga. Ef veiran nær útbreiðslu hér á landi er líklegt að fjarvistir frá vinnu verði nokkrar. Mögulega má búast við að veikindi verði meira langvarandi en í árlegum inflúensufaraldri.

Fjarvistir starfsmanna geta stafað af mismunandi ástæðum, til dæmis vegna:

- Smits af völdum kórónaveiru.
- Annarra veikinda.
- Annarra fjölskyldumeðlima sem þarf að hugsa um, vegna veikinda eða lokun leikskóla og skóla.
- Beiðna vinnuveitanda um að halda sig fjarri vinnustað og vinna heiman frá sér.
- Beiðna heilbrigðisyfirvalda um heft ferðafrelsi eða samkomubann.
- Raskana á almenningssamgöngum eða ótta starfsmanna við að ferðast innan um hóp fólks.
- Ótta starfsmanna við að smitast ef þeir mæta til vinnu.

Ekki er hægt að spá fyrir með vissu hverjar fjarvistir á vinnustöðvum verða. Það veltur m.a. á því um hversu skæða farsótt er að ræða, hvernig starfsfólk metur hættuna, hvort skólum er lokað og til hvaða ráða er tekið í viðbrögðum vinnustaða í þeim tilgangi að minnka líkur á fjarvistum og smiti innan vinnustaðarins.



## 4. Upplýsingaskylda starfsmanna um eigin heilsu

Öllum starfsmönnum er skylt að láta næsta yfirmann vita ef að:

- Viðkomandi hefur ferðast til eða gegnum lönd, landsvæði borgir sem eru á skilgreindum svæðum með smithættu samkvæmt vef Landlæknis, [sjá hér](#).
- Hafa komið í snertingu eða návígið við einstakling sem er með eða grunaður um að vera með Covid-19 vírusinn. Eða einstakling sem er í sóttkví eða einangrun.
- Hefur undanfarna 14 daga haft einkenni hósta, hita eða öndunarerfileika.
- Sé starfsmaðurinn, sem er að koma erlendis frá, alveg einkennalaus þá ætti hann einfaldlega að sinna sínu lífi líkt og fyrr, mæta í vinnu o.þ.h. en gæta mjög vel að almennu hreinlæti, handþvottur, sprittun o.þ.h. og forðast einnig handabönd og líkamssnertingu. Ef hann hins vegarfær einhver einkenni flensu næstu daga eftir heimkomu þá skyldi hann halda sig heima og hringja í læknavaktina í síma 1700 og fá ráðleggingar þar.
- Ef starfsmaður er að koma erlendis frá, jafnvel frá öðrum löndum, og finnur fyrir einhverjum einhverjum flensulíkum einkennum: hiti, hósti og beinverkir. Þá skal vera í sambandi við yfirmann og meta hvort viðkomandi sé hæfur til vinnu.
- Við viljum forðast í lengstu lög að allur vinnustaður okkar lendi í sóttkví

Ef grunur um sýkingu af völdum COVID-19 vaknar skal upplýsa yfirmann, hann bregst við á eftirfarandi hátt:

- Ef grunur vaknar, hringið í síma 1700 eða á heilsugæsluna í Reykjavíki í síma 464 0660. Skiptiborð á Húsavík er 464 0500.
- Ef málið þolir enga bið, hringið í 112 og óskið eftir sjúkraflutningi.
- Vakthafandi læknir/sjúkraflutningamaður ber ábyrgð á framkvæmd áhættumats vegna gruns um COVID-19 sýkingu í samráði við umdæmislækni sóttvarna og sóttvarnalækni, vaksími sóttvarnalæknis er 510-1933, vaksími utan dagvinnu er 1700.



## 5. Aðgerðir til að viðhalda rekstri og stuðla að öryggi starfsfólks í heimsfaraldri

Sveitarstjóri ásamt viðbragðsteymi skulu hafa umsjón með að vakta daglega hver tilmæli almannavarna og sóttvarnalæknis eru, eftir að viðbragðsáætlun hefur verið virkjuð, t.d. á vefsíðum eins og [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) og [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is). Sveitarstjóri skal sjá um að koma fréttum og skilaboðum áleiðis til alls starfsfólks með tölvupóstsendingum. Mikilvægar leiðbeiningar og reglur fyrir starfsfólk sem kunna að breytast frá degi til dags verða sendar starfsmönnum jafnóðum með tölvupósti. Einnig verða þær hengdar upp í kaffistofu og sameiginlegum rýmum starfsfólks.

Forstöðumenn skulu halda utan um fjarvistir starfsmanna daglega, skrá niður ástæður fjarvista og áætla a.m.k. 14 daga í fjarvistir starfsmanna sem hafa greinst með kórónaveiru og allt að 14 daga ef starfsmaður er í sóttkví.

### Ráðstafanir til að fækka smitleiðum

Hægt er að fækka smitleiðum innan sveitarfélagsins með því að :

- Fækka staðbundnum fundahöldum tímabundið.
- Nýta fjarfundabúnað fyrir fundi í auknum mæli.
- Breyta framkvæmd ræstinga þannig að aukin áhersla verði lögð á að strjúka af hurðahúnum, slökkvurum, sínum, lyklaborðum, borðum og stólörmum.

### Sé lýst yfir neyðarstigi almannavarna gilda eftirfarandi reglur um starfsemi sveitarfélagsins.

- Forstöðumenn kanna birgðir á hreinlætisvörum eins og sápu, sóttthreinsispritti, handþurrkum, ræstingavörum o.þ.h. og pantar inn á lager, ef til þess kæmi að birgjar loka. Eins þarf að skoða hvort þörf er á tíðari þrifum. Þá kannar hann stöðu á öðrum rekstrarvörum eins og t.d. pappír og prenthylkjum.
- Í faraldri skal starfsfólk lágmarka fundahöld og funda eingöngu ef nauðsyn krefur. Gildir þetta jafnt um fundi innan sem utan sveitarfélagsins. Notast skal meira við síma og tölvur til samskipta eins og frekast er unnt og fyrirmælum



sóttvarnarlæknis fylgt eftir því sem við á.

- Sveitarfélagið fylgir fyrirmælum sóttvarnalæknis hverju sinni varðandi ferðalög innanlands sem utan. Taka skal tillit til þess ef fólk vill síður ferðast innan um aðra þegar faraldur stendur yfir. Hafa verður einnig í huga að flugvellir og landamæri geta lokast vegna heimsfaraldurs.
- Um veikindaleyfi og umönnunarleyfi starfsfólks gilda ákvæði kjarasamninga. Sveitarstjóri getur þó gefið út rýmri reglur hvað þetta varðar telji hann nauðsynlegt að mæta þörfum starfsfólks vegna umönnunar barna eða náinna ættingja.
- Tryggja þarf að fleiri en einn starfsmaður geti gengið í störf annarra starfsmanna þar sem metin er þörf á því. Starfsfólk getur átt von á að vera færnt til milli starfa til að sinna verkefnum sem hafa forgang í faraldri.
- Þjóða upp á að starfsmenn sinni vinnu sinni frá heimili sínu þar sem flestir hjá sveitarfélaginu eru með aðgang sem tengir þá við tölvukerfið utanhúss og geta því unnið utan skrifstofunnar. Starfsmönnum verður heimilt að taka vinnu með sér heim og vinna heima eða semja um sveigjanlegan vinnutíma við viðkomandi forstöðumann, í samráði við sveitarstjóra.
- Sveitarstjóri getur hvenær sem er ákveðið að breyta fyrirkomulagi á þjónustu við viðskiptavini til að draga úr smithættu eða til að mæta breyttum aðstæðum innan sveitarfélagsins meðan á faraldrinum stendur. Breytt fyrirkomulag getur falist í því að stytta opnunartíma eða að loka afgreiðslu þannig að öll samskipti við viðskiptavini fari fram símleiðis eða með tölvupóst- og bréfasamskiptum. Breytingar á opnunartíma eða fyrirkomulagi á afgreiðslu við viðskiptavini þarf að kynna á fullnægjandi hátt, t.d. með auglýsingum í fjölmiðlum, upplýsingum á heimasíðu og merkingum við inngang t.d. hafi honum verið læst.



## Viðbrögð við aukinni hættu innan sveitarfélagsins

### *Eyðing smitefnis*

Á kórónaveirur og inflúensuveirur virkar eftirfarandi:

- hreinsun með vatni og sápu
- hitun í 40°C í 15 mínútur; 80°C í 3 mín; 90°C í 1 mínútu
- spritti (a.m.k. 40% styrk)
- ísóprópanóli ( a.m.k. 30% styrk)
- klórlausnum (a.m.k. 200 ppm styrk)
- joðefnum (a.m.k. 75 ppm styrk)

Sóttvarnaáætlun sem sveitarfélagið þarf að eiga auk hefðbundinnar sápu:

- bréfpurrkur og e.t.v. fleiri ruslafötur sem eru með loki
- handspritt
- spritt til hreinsunar á yfirborði, svo sem símum og hurðarhúnum
- einnota hanskar fyrir ræstinguna

### Heilsufarsleg atriði starfsfólks

1. Starfsfólk fylgist með eigin heilsu og fer heim ef þeir finna fyrir einkennum. Ekki skal fara á heilsugæslu heldur hringja eftir aðstoð.
2. Starfsfólk á ekki að koma til vinnu ef þeir eru veikir og er ráðlagt að vera heima frá því einkenna verður vart og í 10 daga frá því að sóttthiti er horfinn.
3. Starfsfólks sem mætir til vinnu veikt, er umsvifalaust sent heim en í almennum sóttvarnarráðstöfunum samkvæmt sóttvarnalögum nr. 19/1997 felst að hver sá sem telur sig smitaðan af smitsjúkdómi hefur þá skyldu að fara varlega og gera sér far um að smita ekki aðra.





## 6. Gátlisti

Pennan gátlista skulu forstöðumenn sjá um að lykilstarfsmenn fái ásamt ítrekun um að grípa til viðeigandi ráðstafana þegar breytingar verða á hættustigi almannavarna. Einnig skal forstöðumaður sjá um að prenta út/fjölrita og hengja upp í skrifstofurými og hafa þar frá virkjun áætlunarinnar til afboðunar. Sveitarstjóri sendir starfsfólki boð um hættustig almannavarna og ítrekar við starfsfólk að fylgja viðeigandi stigi gátlista viðbragðsáætlunar.

### Óvissustig

1. Viðbragðsáætlun lesin og uppfærð. Allt starfsfólk upplýst um viðbragðsáætlunina
2. Sveitarfélagið leitar nýjustu upplýsinga um stöðu mála hjá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og hjá sóttvarnalækni.
3. Upplýsingar um lykilstarfsmenn sveitarfélagsins og staðgengla uppfærðar ef þarf.
4. Útnefning/skilgreining viðbragðsstjórnar sveitarfélagsins.
5. Sveitarfélagið sér um að starfsmenn séu upplýstir um ofangreinda þætti.

### Hættustig

1. Sveitarfélagið uppfærir upplýsingar um stöðu mála að höfðu samráði við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni.
2. Sveitarfélagið leitast við að stemma stigu við útbreiðslu faraldursins og sendir skilaboð til starfsmanna um aðgát.
3. Innkaup á nauðsynlegum birgðum.
4. Framkvæmd rekstrarlegra þátta skv. kafla 5 undirbúin.
5. Upplýsingum og fræðslu vegna sóttvarna komið til starfsmanna.

### Neyðarstig

1. Upplýsingar um stöðu mála stöðugt uppfærðar í samráði við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækni.
2. Aðgerðum vegna rekstrarlegra þátta samkvæmt kafla 5 hrint í framkvæmd.
3. Aðgerðum vegna sóttvarna samkvæmt kafla 5 hrint í framkvæmd.



## Leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna COVID-19

Fjarvera	Sóttkví			Veikindi til staðar	
Ástæða	Samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda á Íslandi eða fyrirmælum viðkomandi sveitarfélags	Samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda í öðru landi	Eigin ákvörðun	Grunur um COVID-19 smit	Staðfest COVID-19 smit
Viðbrögð	Samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélags	Samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélags	Samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélags	Samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélags	Samkvæmt viðbragðsáætlun sveitarfélags
Skrá	Skáð sem sóttkví samkvæmt fyrirmælum	Skáð sem sóttkví samkvæmt fyrirmælum	Skáð sem sóttkví samkvæmt eigin ákvörðun	Skáð sem veikindi	Skáð sem veikindi
Laun	Greitt sem meðaltalslaun sbr. ákvæði kjarasamninga um greiðslu launa í fyrstu viku veikinda. Fjarvist telst ekki til veikinda	Greitt sem meðaltalslaun sbr. ákvæði kjarasamninga um greiðslu launa í fyrstu viku veikinda. Fjarvist telst ekki til veikinda	Orlof eða launalaust leyfi	Greitt samkvæmt almennum ákvæðum veikindakafla kjarasamninga	Greitt samkvæmt almennum ákvæðum veikindakafla kjarasamninga


## 7. Einkenni Kórónaveiru (COVID-19)

Einkenni líkjast helst influensúsýkingu, hósti, hiti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. COVID-19 getur einnig valdið alvarlegum veikindum með neðri öndunarferasýkingu og lungnabólgu, sem koma oft fram sem öndunarerfiðleikar á 4.–8. degi veikinda. Ef einstaklingar finna fyrir veikindum er þeim bent á að hringja í síma 1700 (fyrir erlend símanúmer +354 544-4113) varðandi nánari upplýsingar og hvernig þeir eigi að nálgast heilbrigðiskerfið.

Veikir einstaklingar eru sérstaklega beðnir um að mæta ekki á bráðamóttöku sjúkrahúsa eða á heilsugæslustöðvar nema að fengnum ráðleggingum í síma. Einstaklingar með grunsamlega eða staðfesta sýkingu verða settir í [einangrun](#) skv. nánari leiðbeiningum. Einkennalausir einstaklingar sem hafa verið í samneyti við einstaklinga með staðfesta eða líklega sýkingu verða settir í sóttkví skv. nánari [leiðbeiningum](#).

Sóttvarnalæknir vill hvetja einstaklinga á ferðalögum erlendis, sérstaklega í Kína að:

- Gæta vel að almennum hreinlæti, sérstaklega [handþvotti](#)
- Forðast náið samneyti við einstaklinga sem eru með hósta og almenn kvefeinkenni.
- Forðast samneyti við villt dýr eða dýr á almennum mörkuðum.
- Nota pappír fyrir vit við hnerra þegar um kvefeinkenni er að ræða og þvo hendur reglulega.
- Láta heilbrigðisstarfsmenn vita um ferðir sínar ef einstaklingar þurfa að leita til heilbrigðiskerfisins hér á landi.



## Munurinn á kórónaveirusýkingu og inflúensu

Einkenni hinnar nýju kórónaveirusýkingar geta verið svipuð inflúensu í upphafi sjúkdóms. Einkenni inflúensunnar koma oftast snögglega og lýsa sér með hita, hósta, hálssærindum, höfuðverk, vöðvaverkjum og almennri vanlíðan. [Nánar](#)

## 8. Almennar leiðbeiningar:

- Gætum ítrasta hreinlætis og hugum að sýkingavörnum. Það innifelur meðal annars að þvo hendur oft og vel, hafa klút fyrir andliti við hnerra/hósta eða hnerra/hósta í olnbogabót og nota handspritt.
- Góður handþvottur er afar mikilvægur og að forðast að snerta augu, nef og munn. Forðast að heilsa með handabandi og faðmast, þetta eru lykilatriði til að forðast smit og fækka smitleiðum.



# DRAGÐU ÚR SÝKINGARHÆTTU

VEGNA KÓRÓNAVEIRUNNAR NOVEL (2019-nCoV) OG ANNARRA FARSÓTTA



Hreinsa hendur með sápu og vatni eða handspritti

Hósta og hnerra í krepptan olnboga eða í pappír



Forðast náíð samneyti við fólk sem er með hita, kvef eða flensueinkenni

Gæta hreinlætis og forðast snertingu við augu, nef og munn



Varast snertifleti á fjölförnum stöðum svo sem handrið, lyftuhnappa, snertiskjái, greiðsluposa og hurðarhúna

Fólk með einkenni kvefs, hita eða influensu eftir dvöl á þekktu smitsvæði:  
Hringja tafarlaust í 1700



## 9. Samskiptaleiðir – mikilvæg símanúmer

Neyðarlínan	112	<a href="http://www.112.is/">http://www.112.is/</a>
Læknavakt	1770 og 1700	<a href="http://www.112.is/samstarfsadilar/laknavaktin-1770/">http://www.112.is/samstarfsadilar/laknavaktin-1770/</a>
Almannavarnir	112	<a href="http://www.almannavarnir.is/">http://www.almannavarnir.is/</a>
Landspítali	543-1000	<a href="http://www.landspitali.is">www.landspitali.is</a>
Heilsugæslan, Mývatnssveit	464 0660	
Heilsugæslan, Húasvík,	464 0500	
Embætti landlæknis/sóttvarnarlæknir	510-1900 og 510-1933	<a href="http://www.landlaeknir.is">www.landlaeknir.is</a>
Rauði krossinn vinalínan fyrir sálrænan stuðning	1717	<a href="http://www.raudikrossinn.is">www.raudikrossinn.is</a>
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri	696-9234	
Margrét Halla Lúðvíksdóttir, skrifstofustjóri	699-4737	
Lárus Björnsson, forstöðumaður áhaldahússins	862-4163	